

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2012****2012/EES/50/21****frá 30. apríl 2012****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/766/EB frá 16. október 2009 um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 87/372/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„1a. **32009 D 0766**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/766/EB frá 16. október 2009 um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 32).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvörðun þessi tekur til Liechtensteins frá og með árinu 2018.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/766/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 32.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.